

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2011–2012

Rúnar Óli Karlsson
Pálína Þórisdóttir
Sveinn Brynjólfsson

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2011–2012

Rúnar Óli Karlsson, Veðurstofu Íslands
Pálína Þórisdóttir, Veðurstofu Íslands
Sveinn Brynjólfsson, Veðurstofu Íslands

Lykilsíða



Skýrsla nr.: VÍ 2012-012	Dags.: Október 2012	ISSN: 1670-8261	Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2011–2012		Upplag: 45 Fjöldi síðna: 68	
		Framkvæmdastjóri sviðs: Theódór F. Hervarsson	
Höfundar: Rúnar Óli Karlsson, Pálína Þórisdóttir og Sveinn Brynjólfsson		Verkefnisstjóri: Harpa Grímsdóttir	
		Verknúmer: 4351-0-0001	
Gerð skýrslu/verkstig:		Málsnúmer:	
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Veturinn 2011–2012 var með hefðbundnu sniði í flestum landshlutum. Þó var óvenju snjólétt meirihluta vetrar á Austurlandi. Í ofanflóðagagnasafni Veðurstofu Íslands eru skráðar 477 færslur frá vetrinum en flóðin eru nokkru fleiri vegna þess að stundum eru mörg flóð skráð í sömu skráningunni. Rýma þurfti húsnæði á norðanverðum Vestfjörðum vegna ofanflóðahættu í snjóflóðahrinu 25.–27. janúar. Veðurstöð og ljósastaur eyðilögðust í flóði í Skutulsfirði og snjódýptarmælir eyðilagðist í Bolungarvík. Að öðru leyti ollu flóð fyrst og fremst vandræðum með lokun vega og minniháttar tjóni.			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóða-aðstæður, snjóflóðasprenningar, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: 	
		Undirskrift verkefnisstjóra:	
		Yfirfarið af: EG, SG	

Efnisyfirlit

Töfluskrá	5
Myndaskrá.....	6
1. Inngangur.....	7
2. Tíðarfarsyfirlit: október – maí.....	7
3. Snjódýptarmælingar	8
4. Yfirlit yfir snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu	10
4.1 Fólki í snjóflóðum	11
4.2 Helstu snjóflóð	12
4.2.1 Innan Flateyrar 26. janúar	12
4.2.2 Seljalandshlíð 26. janúar.....	13
4.2.3 Önundarfjörður 25/26. janúar.....	14
4.2.4 Miðströnd, Siglufirði 26. janúar	15
4.2.5 Tvö snjóflóð á Seljalandshlíð 26. janúar	17
4.2.6 Kirkjubólshlíð 27. janúar.....	18
4.2.7 Súðavík 28. janúar	19
4.2.8 Snjóflóð á stoðvirkin ofan Heilsugæslunnar í Ólafsvík 19. mars.....	20
4.3 Helstu hrinur vetrarins.....	22
4.3.1 Norðanverðir Vestfirðir 25.–27. febrúar	22
4.3.2 Aðrar hrinur	26
Heimildir	27
Viðauki I. Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða	28
Viðauki II. Skráð ofanflóð vetrinn 2011–2012.....	33

Töfluskrá

Tafla 1. Viðbúnaðarástand og rýmingar vetrinn 2011–2012.	11
Tafla 2. Nokkrir veðurþættir mældir á sjálfvirkum veðurstöðvum í aðdraganda helstu snjóflóða vetrarins	31
Tafla 3. Veðurstöðvar notaðar við að greina einstaka þætti í veðuraðdraganda snjóflóðanna.. ..	32

Myndaskrá

Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.	9
Mynd 2. Snjódýpt á Siglufirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.....	9
Mynd 3. Snjódýpt á Seyðisfirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.	10
Mynd 4. Snjóflóðin tvö rétt innan Flateyrar.	12
Mynd 5. Snjóflóðið á Seljalandsdal.	13
Mynd 6. Leifar veðurstöðvarinnar á Seljalandsdal. Upptök flóðsins voru innan við klettanefið fyrir miðri mynd.	14
Mynd 7. Flóðið úr Breiðadalssstigi átti upptök sín neðan kletta ofarlega í gílinu til hægri. Greinilega má sjá hvar flóðið fór yfir veg.	15
Mynd 8. Flóðin á Miðströnd hreinsuð af Siglufjarðarvegi. Mynd: www.siglo.is	16
Mynd 9. Fimm mældar tungur sem allar náðu yfir veg á Miðströnd.	17
Mynd 10. Snjóflóðin tvö á Seljalandshlíð	18
Mynd 11. Snjóflóðið á Kirkjubólshlíð.....	19
Mynd 12. Útlínur snjóflóðsins í Súðavík.	20
Mynd 13. Varnarvirkin ofan Heilsugæslunnar. Hér sést vel hvernig snjórinn hefur hrannast upp á grindurnar.	21
Mynd 14. Tvísteinahlíðin er frekar lág brekka en Heilsugæslan stendur mjög nálægt hlíðinni.....	22
Mynd 15. Lokanir á vegum á norðanverðum Vestfjörðum.	25
Mynd 16. Lokanir á vegum á norðanverðum Vestfjörðum. Framhald.	26
Mynd 17. Hiti og úrkoma á Flateyri 21–27. janúar 2012.....	28
Mynd 18. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 21–27. janúar 2012.....	28
Mynd 19. Hiti og úrkoma á Ísafirði 21–27. janúar 2012.....	29
Mynd 20. Hiti og úrkoma á Siglufirði 21–27. janúar 2012.....	29
Mynd 21. Vindhraði og vindátt í Grímsey 21–27. janúar 2012.....	30
Mynd 22. Hiti og úrkoma í Súðavík 21–29. janúar 2012.....	30
Mynd 23. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 21–29. janúar 2012.....	31

1. Inngangur

Veturinn 2011–2012 var fremur hlýr, sérstaklega fyrri hluta vetrar og snjódýpt með minna móti eins og sjá má á snjódýptarlínuritum. Sérstaklega var snjólétt austanlands. Lýst var yfir óvissuástandi í janúar á norðanverðum Vestfjörðum og á Mið-Norðurlandi og voru nokkur hús rýmd á Ísafirði, eitt í Hnífsdal og í Syðridal í nágrenni Bolungarvíkur. Í ofanflóðagagnasafni Veðurstofu Íslands eru skráðar 477 færslur frá þessum vetri en flóðin eru töluvert fleiri því stundum eru mörg flóð í sömu skráningunni. Þess má geta til viðmiðunar að færslurnar eru um 200 frá vetrinum á undan og um 400 frá vetrinum 2009–2010. Í janúarmánuði eru um 180 snjóflóð skráð en mikill hluti þeirra féll í snjóflóðahrinu dagana 25. og 26. janúar. Af þeim 477 færslum sem skráðar voru þennan vetur, eru 171 flóð með útlínu í kortagrunni VÍ. Ástæður fyrir því að þau eru ekki fleiri eru m.a. að oft eru ekki til ljósmyndir og nákvæm staðsetning ekki þekkt, eða að um smá eða ómerkileg flóð var að ræða. Einnig skráði Vegagerðin mörg flóð þennan vetur og eru þau komin í gagnasafn Veðurstofunnar.

Annáll þessi nær yfir skráð snjóflóð vetrarins og þær krapa- og aurskriður sem fréttist af um veturinn. Annállinn nær ekki yfir aurskriður sumarsins. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð.

Í átta tilfellum er vitað til þess að fólk lenti í snjóflóði og þá var um að ræða vélsleða- og skíðamenn en einnig fjárleitarmenn sem komu flóðunum sjálfir af stað en án alvarlegra slysa. Snjóflóð ollu litlu fjárhagslegu tjóni þennan vetur. Helsta tjónið varð vegna flóða sem féllu yfir vegi eða skemmdu girðingar en engin snjóflóð ollu tjóni á byggingum. Veðurstöð og ljósastaur eyðilögðust í flóði á Seljalandsdal í Skutulsfirði og snjódýptarmælir eyðilagðist í Bolungarvík.

2. Tíðarfarsyfirlit: október – maí

Október var frekar hlýr um mestallt land og úrkomusamur. Töluvert snjóaði þó á norðanverðum Vestfjörðum um miðjan mánuðinn og um mánaðarmótin gerði aftakaúrkomu á Tröllaskaga með snjókomu til fjalla og einnig var ófærð á heiðum á Vestfjörðum.

Nóvember var óvenju hlýr og meðal hlýjustu nóvembermánaðar frá upphafi mælinga. Síðustu dagarnir voru þó kaldir. Úrkomusamt var um mikinn hluta landsins en lengst af var snjólítið.

Desember var óvenju kaldur framan af en hiti nærri meðallagi seinni hluta mánaðar. Snjór var á jörðu víða um land og er þessi desembermánuður meðal þeirra snjóþyngstu suðvestanlands frá því mælingar hófust. Víðast hvar var úrkoma í kringum meðallag í mánuðinum.

Janúar var úrkomu- og illviðrasamur víða og snjódýpt með mesta móti suðvestanlands, á Vestfjörðum og sumstaðar norðanlands. Frekar hlýtt og snjólétt var austanlands. Hiti var yfir meðallagi um land allt. Á Austurlandi var úrkoma minnst en að öðru leyti var úrkoma ofan við meðallag. Mikið óveður gekk yfir allt land dagana 25.–26. janúar með norðan- og norðaustan hríð um norðanvert landið. Snjóflóðahrina gekk þá yfir norðanverða Vestfirði með snjóflóðum og óþægindum fyrir vegfarendur og íbúa.

Febrúar var umhleyplingasamur og hlýr, sérstaklega austanlands. Úrkomusamt var í mánuðinum og úrkomumet fyrir febrúar voru slegin á nokkrum úrkomustöðvum. Fremur snjólétt var á landinu.


Mars var mjög hlýr víða um land og mjög úrkomusamt á Suður- og Vesturlandi en úrkoma undir meðallagi annars staðar. Umhleyplingar voru áberandi og snjólétt var á landinu.

Apríl var lengst af hagstæður víða um land. Þó var mánuðurinn kaldari en mars fyrir norðan og austan. Mjög þurrt var á Suðvestur- og Vesturlandi, einnig mældist úrkoma undir meðallagi fyrir norðan. Mánuðurinn var snjóléttur á landinu.


Í **maí** var kuldakast meginhluta mánaðar en síðustu dagana var mjög hlýtt víða um land. Nokkur snjór kom fyrir norðan og ekki er vitað um jafnmikla snjódýpt í Neskaupstað í maí-mánuði.

3. Snjódýptarmælingar


Að neðan eru þrjú snjódýptarlínurit frá mismunandi landshlutum sem gefa góða mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða lóðréttu snjódýpt sem mæld er á stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Snjór fór að safnast í fjöll á norðanverðum Vestfjörðum um miðjan október og lokaðist Hrafnseyrarheiði vegna snjóflóða 15. október. Í lok október og byrjun nóvember, var orðið vel hvítt niður í miðjar hlíðar fyrir norðan og byrjað að troða brekkurnar í Hlíðarfjalli. En fljótlega tók að hlýna með rigningu víða um land og úrhelli á Suðurlandi. Í lok nóvember gerði stórhrið fyrir norðan með snjóflóðum yfir Ólafsfjarðarveg og vetrarlegt var einnig á norðanverðum Vestfjörðum. Í byrjun desember gerði óvenju mikla snjókomu í Mýrdal og nágrenni með þæfingsfærð. Snjódýpt hélt áfram að vaxa á flestum mælum út desember og féllu flóð víða um land en án þess að valda miklum vandræðum. Seinnihluta janúar óx snjódýpt á Vestfjörðum og Norðurlandi og snjóflóðahrina gekk yfir í lok mánaðarins með lokunum á vegum og öðrum óþægindum. Snjódýpt var nokkuð jöfn á norðanverðum Vestfjörðum í febrúar en sjatnaði norðanlands án þess að það kæmi til mikil hláka. Áfram var snjólétt á Austurlandi. Í upphafi marsmánaðar var skíðasnjór góður víða um land en síðan tók að hlýna með blautum flóðum úr þekktum farvegum. Á Kvískerjum var 60 ára gamalt hitamet slegið í lok mars. Í apríl fór að hlýna og var snjódýpt með minna móti mestallan mánuðinn. Það má hinsvegar segja að í maí hafi aðstæður til vetraríþróttu verið með besta móti en mikið snjóaði í mánuðinum, sérstaklega norðanlands en líka á norðanverðum Vestfjörðum.



Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 2. Snjódýpt á Siglufirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 3. Snjódýpt á Seyðisfirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.

4. Yfirlit yfir snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu

Veturinn 2011–2012 var með rólegra móti og var sérstaklega lítið um snjóflóð austanlands enda snjódýpt þar lítil mestallan veturinn. Að venju var snjóflóðavakt sett á 15. október en þá féll fyrsta flóðið á Hrafnseyrarheiði og lokaði veginum. Í lok október og byrjun nóvember gerði fyrsta vetrarstorminn með NA hríð og ófærð á heiðum á Vestfjörðum. Nóvembermánuður var mjög rólegur og snjóléttur en í lok mánaðarins snjóaði mikið fyrir norðan og féllu nokkur flóð þar, án mikilla vandræða fyrir samgöngur. Í desember snjóaði óvenjumikið sunnanlands og féllu mörg flóð í Reynishverfi í Mýrdal. Um hátíðarnar gekk NV stormur yfir vestan- og norðanvert landið og lokuðust vegirnir um Súðavíkurhlíð og Ólafjarðarmúla á aðfangadag. Í lok janúar gekk mikið óveður yfir Vestfirði og Mið-Norðurland með snjóflóðahrinu sem varði frá 25.–27. janúar. Stór flóð féllu í Önundarfirði, norðaustanverðum Súgandafirði, yfir Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði, Seljalandsdal, Hnífsdal, Traðargili í Bolungarvík og ofan gömlu byggðarinnar í Súðavík. Þegar hrinunni lauk, hlýnaði skyndilega með litlum votum flóðum en síðan féll stórt flóð utan við Höfða í Skutulsfirði. Hrinunni er gerð nánari skil hér aftar. Snjóflóðavaktin gekk sinn vanalega gang næstu vikurnar með hefðbundnum snjóflóðum norðan- og vestanlands en mun færri flóð féllu austanlands. Mars- og aprílmánuður voru snjóléttir og umhleypingasamir og var reglubundinni snjóflóðavakt lokið 15. apríl. Um miðjan maí gerði þó hret sem olli nokkrum flóðum norðanlands.

Tvisvar sinnum var lýst yfir óvissuástandi, í annað skiptið á norðanverðum Vestfjörðum og Mið-Norðurlandi og í seinna skiptið einungis á norðanverðum Vestfjörðum. Fimm sinnum var gripið til rýminga og í öll skiptin á norðanverðum Vestfjörðum. Um tíu manns urðu fyrir verulegum óþægindum vegna þessa er þeir þurftu að yfirgefa hús sín.

Tafla 1. Hættuástand og rýmingar veturinn 2011–2012.

Staður/svæði	Sett	Aflýst	Tegund
N-Vestf. og mið-Norðurl.	25.01.2012 12:00	26.01.2012 16:00	Óvissuástand
Reitur 9	25.01.2012 17:00	26.01.2012 11:30	Hættuástand
Reitur 8 (bærinn Hraun)	25.01.2012 21:00	26.01.2012 11:30	Hættuástand
Seljalandsvegur 100 og 102	25.01.2012 21:30	26.01.2012 11:30	Hættuástand
Geirastaðir í Syðridal (Bol)	25.01.2012 23:00	26.01.2012 11:30	Hættuástand
Reitur 8,9 og bærinn Höfði	27.01.2012 19:30	28.01.2012 09:45	Hættuástand
N-Vestfirðir	27.01.2012 16:00	29.01.2012 09:45	Óvissuástand

4.1 Fólk í snjóflóðum

Lítið snjóflóð féll undan skíðamanni í Vatnsendahnjúki í Héðinsfirði og stöðvaðist um 70 metrum neðar.

Sex manns í leit að fé ofan við Litluhlíð á Barðaströnd voru hætt komnir 2. janúar er snjóflóð brast undan þeim. Síðasti maður setti flóðið af stað þegar þeir hugðust stytta sér leið niður bratta brekku og allir lentu í flóðinu. Sumir veltust 20–30 m og stúlkan í hópnum grófst upp á axlir en var komin með hendurnar upp úr þegar félagarnir komu til aðstoðar. Klettur og nokkurra tuga metra hengiflug er fyrir neðan þar sem flóðið stöðvaðist, þannig að mildi var að ekki fór verr. Dagana á undan höfðu fallið flóð víða á svæðinu og hafði snjóathugunarmaður VÍ á Patreksfirði varað þau við hættu á snjóflóðum á þessum slóðum.

Vélsleðamaður lenti í snjóflóði í Esjuhlíðum 3. janúar en náði að keyra út úr því.

Snjóbrettamaður lenti í flóði í Hlíðarhrygg í Hlíðarfjalli 25. janúar en náði að renna sér út úr því.

Flekahlaup féll í brún Böggvisstaðafjalls á Dalvík 4. mars er vélsleði ók upp og niður brúnina. Sama dag komu vélsleðamenn af stað snjóflóði í Selhnjúki í nágrenni Dalvíkur.

Björgunarsveitarmaður á snjóflóðanámskeiði lenti í snjóflóði 10. mars í Hamragili í Skarðs-mýrarfjalli sem er rétt norðaustan Hellisheiðarvirkjunar. Hann gekk fram á hengju sem leit út fyrir að vera um 1,5 metri á hæð en hengjan sprakk svo brotstálið var 2 –2,5 metrar. Hann féll fram af hengjunni og rann um 15–20 metra og grófst að hluta en gat losað sig sjálfur.

Vélsleði á leið upp á brún Böggvisstaðafjalls á Dalvík setti af stað 650 metra breitt flekahlaup þann 18. mars. Ökumaðurinn náði að keyra upp fyrir flóðið.


Tveir vélsleðamenn lentu í snjóflóði í suðurhlíðum Kerlingar á Glerárdal ofan Akureyrar þann 16. maí og barst lögreglu tilkynning um að afdrif þeirra væru óljós. Björgunarsveitir voru ræstar út en stuttu síðar barst staðfesting um að þeir hefðu báðir komist af sjálfsdáðum úr flóðinu og væru óslasaðir. Annar mannanna var útbúinn bakpoka með loftpúða sem hjálpaði honum að haldast á yfirborði flóðsins. Þetta er í fyrsta skiptið sem slíkur bakpoki er notaður á Íslandi samkvæmt upplýsingum snjóflóðavaktar.

4.2 Helstu snjóflóð

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Það getur verið misjafnt eftir árum hvaða flóð eru metin markverð. Það getur verið vegna óvenjulegrar staðsetningar, tjóns á fólki eða munum, stærð ofl. Flest markverðustu flóðin féllu í hrinunni í lok janúar.

4.2.1 Innan Flateyrar 26. janúar

Tvö flóð féllu úr Miðhryggsgili og Litlahryggsgili í Önundarfirði, um þrjátíu metrum innan við hljóðverið Tankinn. Flóðin fóru bæði yfir veg og niður í sjó á kafla. Upplýsingaskilti við veginn skemmdist sem og trjágróður fyrir ofan veg. Tankurinn hafði verið rýmdur kvöldið áður.



Mynd 4. Snjóflóðin tvö rétt innan Flateyrar.


Helstu stærðir

Dagsetning: 25/26. janúar
Staður: Miðhryggsgil
Upptakahæð: u.þ.b. 500 m
Stöðvunarhæð: 0 m

Meðalbreidd tungu: 300 m
Stærðarflokkur: 4
Tegund: Þurr flekahlaup
Flóð nr. 7863 og 7864

4.2.2 Seljalandshlíð 26. janúar

Stórt snjóflóð féll á Seljalandsdal þann 26. janúar. Upptök flóðsins voru innan við Gullhólsgil og rann flóðið nánast alveg fram á brúnina ofan Tungudals og einungis 20–30 metrar skildu að stöðvunarstaðinn og brúnina. Flóðið braut ljósastaur sem tilheyrir lýsingu á gönguskíðasvæðinu og áfasta veðurstöð VÍ. Brak úr veðurstöðinni lá í beinni straumstefnu flóðsins og hjálpaði mikið til við að meta mörk þess og stefnu. Mastrið sjálft hafði brotnað og tækin tæst með flóðinu. Stöðin sendi síðustu mælingu kl. 02:00 aðfaranótt fimmtudagsins 26. janúar. Flóðið sleikti ysta hluta gönguskíðabrautanna en einungis mastrið með veðurstöðinni féll. Annað ljósamastur lenti í innri jaðri flóðsins án þess að brotna. Flóðið var með með tvívítt rennslisstig 15,5.



Mynd 5. Snjóflóðið á Seljalandsdal.



Mynd 6. Leifar veðurstöðvarinnar á Seljalandsdal. Upptök flóðsins voru innan við klettanefið fyrir miðri mynd.

Helstu stærðir

Dagsetning: 26. janúar
Staður: Innan Gullhólgils
Upptakahæð: 680 m.
Stöðvunarhæð: 220 m.

Meðalbreidd tungu: 120 m.
Stærðarflokkur: 4
Tegund: Þurrt flekahlaup
Flóð nr. 50388

4.2.3 Önundarfjörður 25/26. janúar

Stórt snjóflóð féll 25. eða að morgni 26. janúar úr Bæjargili í svokölluðum Breiðadalstiga í vestanverðum Breiðadal í Önundarfirði. Flóðið lokaði veginum á um 160 metra kafla og fór í sjó fram. Reyndur mokstursmaður hjá Vegagerðinni hafði aldrei séð svona stórt flóð úr þessum farvegi en staðurinn er þekktur flóðastaður samkvæmt viðtölum við ábúendur í Breiðadal. Annað stórt flóð féll á sama tíma úr Selabólurðinni (flóð 7862) sem er aðeins utar, lokaði veginum og fór í sjó fram á smá kafla.



Mynd 7. Flóðið úr Breiðadalsstiga átti upptök sín neðan kletta ofarlega í gílinu til hægri. Greinilega má sjá hvar flóðið fór yfir veg.

Helstu stærðir

Dagsetning: 25/26. janúar

Staður: Breiðadalsstigi, Öfundarfirði

Upptakahæð: 440 m.

Stöðvunarhæð: 0 m.

Meðalbreidd tungu: 200 m.

Stærðarflokkur: 4

Tegund: Þurrt flekahlaup


Flóð nr. 7861

4.2.4 Miðströnd, Siglufirði 26. janúar

Mörg stór flóð féllu á Miðströnd sem er veghlutinn frá Siglufirði út að Strákagöngum. Mokstursmaðurinn sagðist sjaldan eða aldrei hafa séð svona stór flóð þarna. Alls voru flóðin sex talsins og lokuðu þau öll veginum.



Mynd 8. Flóðin á Miðströnd hreinsuð af Siglufjarðarvegi. Mynd: www.siglo.is.



Mynd 9. Fimm mældar tungur sem allar náðu yfir veg á Miðströnd.


Helstu stærðir

Dagsetning: 26. janúar
 Staður: Miðströnd
 Upptakahæð: 600 m
 Stöðvunarhæð: 30 m

Meðalbreidd tungu: 25 m
 Stærðarflokkur: 4
 Tegund: Þurrt flekahlaup
 Flóð nr. 50395–99

4.2.5 Tvö snjóflóð á Seljalandshlíð 26. janúar

Stórt snjóflóð kom úr Grænagarðsgili og annað minna úr Karlsárgili aðfaranótt 26. janúar. Flóðið úr Grænagarðsgili fór yfir veginn upp á skíðasvæðið á Seljalandsdal og Skutulsfjarðarbrautina og í sjó fram. Vegurinn var ruddur um morguninn. Eitthvað af trjágróðri skemmdist í flóðinu.



Mynd 10. Snjóflóðin tvö á Seljalandshlíð.

Helstu stærðir

Dagsetning: 26. janúar
 Staður: Grænagarðsgil
 Upptakahæð: 540 m
 Stöðvunarhæð: 0 m

Meðalbreidd tungu: 150 m
 Stærðarflokkur: 3,5
 Tegund: Þurrt flekahlaup
 Flóð nr. 50386

4.2.6 Kirkjubólshlíð 27. janúar

Snjóflóð féll út í sjó á Kirkjubólshlíð fyrir utan Kirkjubæ í Skutulsfirði klukkan 18:15. Óvissustig stóð yfir þegar flóðið féll og í kjölfarið var ákveðið að rýma bæinn Höfða, reit 9 á Ísafirði (Steiniðju og Netagerð) og reit 8 í Hnífsdal (Hraun).



Mynd 11. Snjóflóðið á Kirkjubólshlíð.


Helstu stærðir

Dagsetning: 27. janúar
Staður: Kirkjubólshlíð
Upptakahæð: 660 m
Stöðvunarhæð: 0 m

Meðalbreidd tungu: 150 m
Stærðarflokkur: 3,5
Tegund: Þurrt flekahlaup
Flóð nr. 50384

4.2.7 Súðavík 28. janúar

Stórt snjóflóð féll fyrir ofan gömlu byggðina í Súðavík, skemmdi girðingar og reif með sér eitthvað af trjágróðri. Flóðið stöðvaðist um 180 metrum ofar en mannskaðaflóðið í janúar 1995 og einungis nokkrum tugum metra ofan við húsin sem þar stóðu.



Mynd 12. Útlínur snjóflóðsins í Súðavík.

Helstu stærðir

Dagsetning: 28. janúar
 Staður: Súðavík
 Upptakahæð: 560 m
 Stöðvunarhæð: 19 m

Meðalbreidd tungu: 190 m
 Stærðarflokkur: 3,5
 Tegund: Þurrt flekahlaup
 Flóð nr. 50382

4.2.8 Snjóflóð á stoðvirkin ofan Heilsugæslunnar í Ólafsvík 19. mars

Merkilegt snjóflóð féll úr Tvísteinahlíð, ofan og vestan við stoðvirkin í Ólafsvík þann 19. mars. Stórir flekar höfðu losnað á milli grindanna og snjóflóðssnjórinn hlóðst upp að grindunum en einungis lítið magn fór yfir þær. Einnig fór fleki af stað neðan neðstu grindarinnar og stöðvaðist þar skammt fyrir neðan. Vestan grindanna náði flóðið niður í brekkurætur en skemmra neðan grindanna. Ekki var að sjá neinar skemmdir á grindunum.

Greinilegt er að stoðvirkin hafa komið í veg fyrir miklu stærra flóð. Áætla má að 5000–10000 m³ af snjó hafi stöðvast í grindunum sem er margfalt meira en rúmmál snævarins í snjóflóðstungunni neðan stoðvirkjanna. Ofan efstu grindarinnar hefur snjóþekjan ekkert farið af stað.

Vera kann að það hafi verið stoðvirkjunum að þakka en þar sem brotlínan vestan grindanna var í u.þ.b. hæð við efstu röðina þá er ekki víst að sá snjór hefði farið af stað. Á nokkrum stöðum mátti sjá að snjóþekjan hafði skriðið af stað og sprungið upp en ekki náð að hreyfast mikið áður en snjórinn stöðvaðist á grindinni fyrir neðan. Gera má ráð fyrir að snjóflóðið hefði orðið margfalt stærra, og jafnvel náð niður að heilsugæslunni, ef stoðvirkin hefðu ekki dregið úr snjómagnum sem fór að stað. Þetta er fyrsta ápreifanlega dæmið hér á landi um að stoðvirki á upptakasvæðum hafi komið í veg fyrir eða dregið úr stærð snjóflóðs.

Stoðvirki hafa á undanförunum árum verið reist ofan byggðar til þess að draga úr snjóflóðahættu í Neskaupstað og á Siglufirði, auk Ólafsvíkur. Stoðvirki eru algengasta snjóflóðavörnin fyrir byggð í Alpalöndum en ekki er mikil reynsla af þeim við íslenskar aðstæður. Á næstu árum er fyrirhugað að reisa umfangsmikil stoðvirki hér á landi, m.a. á Ísafirði og Siglufirði.



Mynd 13. Varnarvirkin ofan Heilsugæslunnar. Hér sést vel hvernig snjórinn hefur hrannast upp á grindurnar.



Mynd 14. Tvísteinahlíðin er frekar lág brekka en Heilsugæslan stendur mjög nálægt hlíðinni.

Helstu stærðir

Dagsetning: 19. mars
Staður: Tvísteinahlíð, Ólafsvík
Upptakahæð: 90 m
Stöðvunarhæð: 35 m

Meðalbreidd tungu: 200 m
Stærðarflokkur: 2,5
Tegund: Flekahlaup
Flóð nr. 50606

4.3 Helstu hrinur vetrarins

Í gagnagrunni Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama óveðrinu með nokkurra daga tímabili og yfirleitt í sama landshluta. Hér að neðan er gerð grein fyrir einni hrinu vetrarinn 2011–2012, helstu flóðum sem féllu, veðrinu sem ríkti og viðbrögðum snjóflóðavaktar.

4.3.1 Norðanverðir Vestfirðir 25.–27. febrúar

Mikið óveður gekk yfir allt land dagana 25.–26. janúar með norðan- og norðaustan hríð um norðanvert landið. Snjóflóðahrina gekk yfir norðanverða Vestfirði með snjóflóðum og óþægindum fyrir vegfarendur og íbúa. Ófærð var mikil og líklega hefur snjódypt ekki verið svona mikil síðan veturinn 1998–1999. Flóð féllu úr öllum helstu farvegum í Skutulsfirði og ógnuðu nokkrum húsum sem voru rýmd á tímabili. Eins féllu flóð í Hnífsdal úr Traðargili og Hraungili. Stórt snjóflóð féll rétt utan Neðri Breiðadals í Önundarfirði og snjóflóð eyðilagði veðurstöðina við gamla skíðaskálann á Seljalandsdal. Samgöngur lömuðust vegna ófærðar og

snjóflóða yfir vegi og á tímabili voru nánast allir þjóðvegir á landinu lokaðir vegna veðurs, snjóflóða eða ófærðar.

4.3.1.1 Veðuraðdragandi

Um hádegið þann 24. janúar var um 6 gráðu frost á Þverfjalli og norðaustan 30m/s en úrkomulaust á Ísafirði, hiti um frostmark og um 15 m/s. Um kvöldið datt vindur niður og byrjaði að snjóa. Upp úr miðnætti fór snjókoman að ágerast og var úrkoman um 17 mm næsta sólarhringinn samkvæmt mælingum, með norðaustan 13 m/s. Líklega hefur úrkoman verið meiri en eins og alkunna er, ná úrkomumælar illa að mæla úrkomu í miklum vindi. Á Flateyri var t.d. vindur mun hægari og úrkoma mældist um 40 mm frá miðnætti þann 24. til miðnættis 25. janúar. Vindur var úr norðaustri fram undir hádegi þann 25. en tók þá að snúast meira í norður.

Á sunnanverðum Vestfjörðum var úrkoma mun minni eins og algengt er í norðlægum áttum. Á Patreksfirði mældist úrkoma engu að síður var um 20 mm þennan sólarhringinn.

Óveðrið geisaði alla aðfaranótt 26. janúar en um hádegið tók að lægja og stytta upp. Seinnipart dagsins var komið ágætis veður á norðanverðum Vestfjörðum og sól til fjalla á tímabili.

Um miðnættið byrjaði að hlýna og á hádegi 27. janúar var hiti kominn yfir frostmark.

Fjöldi flóða féll í þessari hrinu og var gerð grein fyrir þeim markverðustu hér framar í annálnum. En fleiri flóð féllu og hér að neðan eru þau helstu.

Súgandafjörður, norðanverður 25. jan. Stórt snjóflóð féll úr hlíðinni innan Norðureyrar og í sjó fram. Ekki er vitað hvort flóðbylgja hafi náð á land hinum megin fjarðarins, því veður var vont og engin á ferðinni. Þegar flóðið uppgötvaðist hafði snjóað nánast yfir öll ummerki. Glöggir íbúar höfðu tekið eftir miklum snjó á floti í firðinum og brotstáli efst í fjallinu. Snjóflóðið reyndist vera um 900 metra breitt.

Skollahvilft á Flateyri 25. jan. Efri radarinn á varnargarðinum á Flateyri nam snjóflóð sem féll kl. 04:07 um morguninn. Starfsmenn snjóflóðavaktar sáu brotstál innanvert í Skollahvilft sem talið var vera ummerki flóðsins. Trjágróður á varnargarðinum bar engin merki um snjóflóð svo það virðist því ekki hafa lagst af neinum þunga að garðinum.

Patreksfjörður 25. jan. Lítil flóð féllu fyrir ofan Vatneyrina á Patreksfirði og stöðvuðust í 100–150 metra hæð.

Gleiðarhjalli 26. jan. Snjóflóð féll í gili ofan við kúluhúsið svokallaða á Ísafirði með upptök í klettum neðan Gleiðarhjalla. Erfitt var að greina hvar flóðið stöðvaðist.

Patreksfjörður 26. jan. Snjóflóð féll innan Sigtúns á Patreksfirði.

Grænagarðsgil 26. jan. Stórt snjóflóð kom úr Grænagarðsgili um nóttina. Það fór yfir Skíðavegin og Skutulsfjarðarbrautina í sjó fram. Vegurinn var ruddur um morguninn.

Karlsárgil 26. jan. Annað flóð féll úr Karlsárgili sem er næsta gil innan við Grænagarðsgil. Neðsti hluti tungunnar náði yfir Skíðaveg og um 30 metra niður í brekkuna fyrir neðan.

Hnífsdalur 26. jan. Breið en þunn flóð féllu úr Traðargili og Búðargili í Hnífsdal. Þau náðu vel niður á flatann ofan og innan innsta hússins á Heimabæ og yfir svæðið þar sem skeiðvöllur hestamannafélagsins stóð.

Bolungarvík og nágrenni 26. jan. Snjóflóð féllu úr Hesthúsagili, Hádegisfjalli, Tunguhorni, Óshyrnu, Heiðnafjalli, ofan bæjarins Geirastaða og í Breiðabólssdal í Skálavík. Búið var að rýma íbúðarhúsið á Geirastöðum kvöldið áður en flóðið féll.

Patreksfjörður 27. jan. Tvö snjóflóð lokuðu veginum um Raknadalshlíð. Mörg flóð sáust daginn eftir. Ellefu snjóflóð sáust á Skápadalshlíð í Ósafirði í hláku en hlíðin nær frá vegamótum í Patreksfjarðarbotni út að Skápadalsnesi.

Ísafjörður 27. jan. Snjóflóð lokaði veginum utan bæjarins Kirkjubólss í Skutulsfirði klukkan 18:15. Í kjölfarið var ákveðið að rýma bæinn Höfða.

Önundarfjörður 27. jan. Stórt snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili á Flateyri en náði ekki varnargarði og nokkur flóð féllu á ströndinni milli Breiðadals og Flateyrar.

Súðavík 28. jan. Snjóflóð féll ofan gömlu byggðarinnar í Súðavík og olli tjóni á girðingum og gróðri.

4.3.1.2 Viðbúnaður og rýming húsnæðis

Sett var á óvissuástand vegna snjóflóðahættu þann 25. janúar kl. 12:00 á norðanverðum Vestfjörðum og Mið-Norðurlandi. Klukkan 17:00 sama dag var sett á hættuástand og ákveðið að rýma iðnaðarsvæðið á reit 9 á Ísafirði. Innan reitsins eru m.a. s.k. Steiniðja og Netagerð Vestfjarða sem standa undir stórum farvegum í Eyrarfjalli. Um kvöldið var ákveðið að rýma bæinn Hraun í Hnífsdal og var það gert klukkan 21:00. Stuttu síðar var einnig ákveðið að rýma tvö hús á Seljalandsvegi (100 og 102) og rétt fyrir miðnættið var bærinn Geirastaðir í Syðridal rýmdur. Um kvöldið var rætt við íbúa á öðrum sveitabæjum um aðstæður og snjósöfnun og metið hvort ástæða væri til frekari rýmingar. Ákveðið var að grípa ekki til frekari ráðstafana.

Hættuástandi var aflétt rétt fyrir hádegið daginn eftir. Þá hafði veður batnað til muna og vel sást til fjalla. Óvissuástandi var síðan aflétt kl. 16:00.

Mikið hafði snjóað í þessu veðri á norðanverðum Vestfjörðum og vel hafði sest í gil og hlémegin í fjallshlíðar. Við skíðaskálann á Seljalandsdal hafði snjódýpt aukist um 80 cm og höfðu starfsmenn snjóflóðavaktar áhyggjur af veðurspá næstu sólarhringa sem gerði ráð fyrir snarpri hlýnun með rigningu, sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum. Vaktin hafði mestar áhyggjur af farvegum sem ekki höfðu hreinsað sig í óveðrinu 25.–26. janúar. Ákveðið var að setja á óvissuástand að nýju þann 27. janúar kl. 16:00 og sjá hvernig veðrið þróaðist næstu klukkutímana og hvort ástæða væri til að rýma ákveðin hús. Hitastig hafði farið yfir frostmark á Ísafirði um hádegið en ekkert frést af flóðum ennþá. Að öðru leyti var veður nokkuð gott. Stórt flóð féll á Kirkjubólshlíð milli Kirkjubæjar og flugvallarins á Ísafirði kl. 18:15 og var ákveðið að rýma húsið Höfða sem stendur fyrir neðan Kirkjubæ, Hraun í Hnífsdal og reit 9 á Ísafirði. Rýmingu var aflétt morguninn eftir kl. 09:45.

Margar spýjur og snjóflóð féllu í hlákunni og snjódýpt minnkaði víða um a.m.k. 50 cm. Lítið sem ekkert tjón varð í þessum flóðum.

Mikil úrkoma var á sunnaverðum Vestfjörðum frá því um hádegið 28. janúar og fram til miðnættis. Mest rignði á Patreksfirði, eða um 40 mm. Snjóathugunarmaðurinn á Patreksfirði, fór í þrígang til að kanna aðstæður í lækjum og snjóathugunarmaðurinn á Bíldudal fylgdist vel með hvort að lækir væru að stíflast með hættu á krapaflóðum. Um miðnættið dró verulega úr úrkomu á sunnaverðum Vestfjörðum og ekki skapaðist þar hættuástand í þessari hrinu.

4.3.1.3 Lokanir á vegum

Víða á norðanverðum Vestfjörðum lokuðust vegir vegna snjóflóða. Súðavíkurhlíð var lokuð frá hádegi 25. janúar þar til um kvöldmatarleytið daginn eftir. Eyrarhlíð var lokuð frá klukkan fjögur 25. janúar þar til klukkan þrjú daginn eftir. Flateyrarvegur var lokaður frá hálfniú um morguninn 25. janúar og vegurinn var opnaður aftur rétt eftir þrjú daginn eftir.

Hér að neðan er tafla frá Vegagerðinni sem sýnir snjóflóð yfir vegi á meðan á hrinunni stóð.

Vegagerðin									GSI
Snjóflóð 25. og 26. jan. 2012, skráning									
Vegur nr.	Staður	Gil nr.	Tími	Úrkoma	Hæð m. á vegi	Breidd-m	Snjór, þurr / blautur	Aðrar upplýsingar	
61-38	Súðavíkurhlíð	2	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	1,0	100	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	4	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	1,5	30	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	5	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	1,0	50	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	6	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	1,0	20	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	7	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	3,5	40	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	8	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	1,5	50	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	9	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	1,0	40	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	10	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	1,5	60	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	12	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	0,7	10	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	13	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	1,5	25	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	15	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	1,0	30	þurr	25.1. Kl. 10	
61-38	Súðavíkurhlíð	16	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	0,7	10	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	17	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	0,7	10	þurr	25.1. Kl. 10	
61-38	Súðavíkurhlíð	18	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	2,0	15	þurr		
61-38	Súðavíkurhlíð	21	25.01 kl. 12 - 26.1. kl. 10	já	3,0	55	þurr	Fjargil	
61-38	Súðavíkurhlíð	22	25.01 kl. 10 - 26.1. kl. 10	já	1,0	20	þurr	Djúpagil	

Mynd 15. Lokanir á vegum á norðanverðum Vestfjörðum.

Vegur nr.	Staður	Stöð	Dags.	Tími	Úrkoma	Hæð m. á vegi	Breidd-m	Snjór, þurr / blautur	Aðrar upplýsingar
61-39	Kirkjubólshlíð	2,5	25.1.12		já	1,5	40	þurr	
61-39	Kirkjubólshlíð	3,1	25.1.12		já	1	40	þurr	
61-39	Kirkjubólshlíð	3,47	25.1.12		já	1	50	þurr	
61-39	Kirkjubólshlíð	3,6	25.1.12		já	1	80	þurr	
61-39	Kirkjubólshlíð	3,7	25.1.12		já	1	80	þurr	
61-39	Kirkjubólshlíð	3,8	25.1.12		já	1,5	140	þurr	
61-39	Kirkjubólshlíð	6	25.1.12		já	1	90	þurr	

Vegur nr.	Staður	Stöð	Tími	Úrkoma	Hæð m. á vegi	Breidd-m	Snjór, þurr / blautur	Aðrar upplýsingar
61-43	Eyrarhlíð	0,72	25.01 kl. 16 - 26.1. kl. 10	já	1,4	45	þurr	
61-43	Eyrarhlíð	0,81	25.01 kl. 10	já	1,5	40	þurr	Mikið grjót
61-43	Eyrarhlíð	1,52	25.01 kl. 16 - 26.1. kl. 10	já	1,6	50	þurr	Ljósastaur
61-43	Eyrarhlíð	1,63	25.01 kl. 16 - 26.1. kl. 10	já	1,8	30	þurr	1. þilið
61-43	Eyrarhlíð	1,68	25.01 kl. 16 - 26.1. kl. 10	já	1,8	30	þurr	Að 2. þili
61-43	Eyrarhlíð	1,85	25.01 kl. 16 - 26.1. kl. 10	já	2,5	150	þurr	Úr 2-4 gíljum

Vegur nr.	Staður	Stöð	Tími	Úrkoma	Hæð m. á vegi	Breidd-m	Snjór, þurr / blautur	Aðrar upplýsingar
64-01	Flateyrarvegur	0,8	25.01 kl. 11	já	1,2	250	þurr	Breiðadalssstigi
64-01	Flateyrarvegur	1,1	25.01 kl. 10 - 26.1. kl. 10	já	1,2	250	þurr	Traðarnes
64-01	Flateyrarvegur	1,9	25.01 kl. 10 - 26.1. kl. 10	já	1,2	30	þurr	Selaból
64-01	Flateyrarvegur	5,6	25.01 kl. 10 - 26.1. kl. 10	já	1,2	250	þurr	Miðhryggsgil
64-01	Flateyrarvegur	5,8	25.01 kl. 10 - 26.1. kl. 10	já	1,6	350	þurr	Sólvallagil

Vegur nr.	Staður	Stöð	Tími	Úrkoma	Hæð m. á vegi	Breidd-m	Snjór, þurr / blautur	Aðrar upplýsingar
60-46	Vestfjarðavegur	1,25	25.01 kl. 10 - 26.1. kl. 10	já	0,8	60	þurr	Breiðidalur

Mynd 16. Lokanir á vegum á norðanverðum Vestfjörðum. Framhald.

4.3.2 Aðrar hrinur

Nokkrar minni hrinur komu á Norðurlandi sem vert er að minnast á.

Mörg snjóflóð en þó engin stór, féllu dagana 10.–12. janúar í nágrenni Dalvíkur og Siglufjarðar. Dagana 24.–26. janúar féllu mörg flóð í nágrenni Dalvíkur, Ólafsfjarðarmúla og í kringum Siglufjörð. Mörg þeirra lokuðu Siglufjarðarvegi og tvö lokuðu veginum um Ólafsfjarðarmúla. Önnur hrina varði 26.–28. janúar í nágrenni Dalvíkur og á Gálmaströnd í vestanverðum Eyjafirði í hlákunni sem tók við af norðan óveðrinu dagana á undan. Fyrstu dagana í apríl féllu mörg lausasnjóflóð í Ólafsfirði, Hörgárdal og Böggvisstaðadal og seinna í hrinunni tóku að falla flekahlaup þegar hlýnaði í veðri.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Trausti Jónsson (2012). Tíðarfarsyfirlit 2011 og 2012. Sótt 21. 9. 2012 af


<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2011> og

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2012>


Upplýsingavefur snjóflóðavaktar VÍ: <http://blog.vedur.is/snjoflod/>

Viðauki I. Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða


Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða hefur verið skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Valdar voru veðurstöðvar sem voru næstar umræddum flóðum og ættu þær að gefa nokkuð góða mynd af veðurfari dagana á undan flóðunum sem um ræðir.




Mynd 17. Hiti og úrkoma á Flateyri 21.–27. janúar 2012.




Mynd 18. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 21.–27. janúar 2012.




Mynd 19. Hiti og úrkoma á Ísafirði 21.–27. janúar 2012.




Mynd 20. Hiti og úrkoma á Siglufirði 21.–27. janúar 2012.



Mynd 21. Vindhraði og vindátt í Grímsey 21.–27. janúar 2012.



Mynd 22. Hiti og úrkoma í Súðavík 21.–29. janúar 2012.



Mynd 23. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 21.–29. janúar 2012.

Það getur verið villandi að reikna meðaltal vindáttar fyrir þrjá og fimm daga í aðdraganda flóðanna og jafnvel síðasta sólarhringinn, þar sem vindátt getur verið mjög brengluð í hægum vindi. Slíka dreifingu vindáttar er vissulega best að setja fram með vindrósi en það verður ekki gert að sinni. Brugðið var á það ráð að birta í töflu 2 reiknaðan vigurvind fyrir 1, 3, og 5 daga í aðdraganda helstu flóða vetrarins, þannig fæst skárri mat á vindátt á meðan hvassast var.

Tafla 2. Nokkrir veðurþættir mældir á sjálfvirkum veðurstöðvum í aðdraganda helstu snjóflóða vetrarins, 1, 3 og 5 daga fyrir flóðin. Uppsöfnuð úrkoma er táknuð með **r** (**r00** er úrkoma 1 dag eftir flóð), meðalvindhraði (reiknað í 3. veldi) með **f**, en vigurvindur með 'v' aftast í breytuheiti, þar sem **f*v** er meðalvindhraði og **d*v** er meðalvindátt. Snjóþýptarbreyting er táknuð með **snd**. Athugað var hvort hiti færi yfir 2°C síðasta sólarhringinn í aðdraganda flóðanna og er það táknað með **hlaka**.

FLOD	r1	r3	r5	r00	hlaka	f1	f3	f5	f1v	f3v	f5v	d1v	d3v	d5v	snd1	snd3	snd5
7863	45.7	48.7	54.4	11.2	Nei	20.2	18.5	16.4	18.5	15.4	13.4	26.4	40.9	37.7	0.4	15.7	28.1
50395	17.5	28.7	48.5	8.8	Nei	10	9.3	8.7	5.9	6.3	5.9	81	72.5	85.2	NA	NA	NA
50388	18.7	26.5	31	1.5	Nei	19.5	18.6	16.4	17.4	15.4	13.3	21.8	39.9	37.2	NA	15.5	27.9
50384	1.4	23.6	31.4	3.4	Já	10.7	15.5	16.4	8.2	6.4	9.8	19.9	42.8	46.2	-7	47	66.6
50382	1.4	22.9	30.6	5.1	Já	10.7	15.4	16.3	8.1	5.5	9	12	41.8	47.3	-7.7	46.3	61.6
50606	14.6	19.4	22.4	27.6	Já	12.5	9.1	7.8	9.3	2.7	1.9	63.4	52.3	39	-8.1	5.8	9

Tafla 3. Veðurstöðvar notaðar við að greina einstaka þætti í veðuraðdraganda þeirra snjóflóða sem getið er í kaflanum um helstu snjóflóð vetrarins. Notast var við veðurstöðvar sem næst viðkomandi flóðum. Óvíst er að snjódýptarmælingar langt frá upptakasvæðum snjóflóðanna séu marktækar, en þær fá þó að fylgja með.

Flóð	Úrkoma	Hiti	Vindur	Snjódýpt
7861, 63, 64	Flateyri	Flateyri	Þverfjall	Seljalandsdalur
50388, 386	Ísafj. sjálfv. stöð	Ísafj. sjálfv. stöð	Þverfjall	Seljalandsdalur
50395	Siglufjörður	Siglufjörður	Grímsey	Siglufj. – Hafnarfjall
50384	Ísafj. sjálfv. stöð	Ísafj. sjálfv. stöð	Þverfjall	Seljalandsdalur
50606	Ólafsvík	Ólafsvík	Ólafsvík	Seljalandsdalur
50382	Súðavík	Súðavík	Þverfjall	Seljalandsdalur

Viðauki II. Skráð ofanflóð veturinn 2011–2012

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll flóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2007–2008. Listinn inniheldur einnig öll flóð sem fallið hafa á vegakerfið og eru skráð í gagnasafn Vegagerðarinnar á Vestfjörðum og Norðurlandi. Eins mæla snjóathugunarmenn Veðurstofunnar oft flóð sem falla á vegi í nágrenni við byggð. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/ dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhátt og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2011/2012

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Esja	3.1.2012	603	F/2.5	-/9/40	Vélsleði kom af stað flóði í Esjunni og ökumaðurinn náði að keyra út úr flóðinu.
Kjós	6.1.2012	7874	S		Snjóflóð féll á veg á Hvítaneshlíð í Hvalfirði.
Bláfjöll og nágrenni	3.3.2012	50519	Fv/1.5		Snjóflóð féll í Draumdalsgili í nágrenni Bláfjalla.
Norðan Eldborgargils	3.3.2012	50518	Fv/2.5	-/300/1.5	Fjögur snjóflóð féllu norðan við skíðasvæðið í Bláfjöllum.
Eldborgargil - hvílt	3.3.2012	50517	Fv/2	-/200/1.5	Tvö snjóflóð féllu úr Eldborgargili á sama tíma, annað mun stærra.
Bláfjöll og nágrenni	3.3.2012	50463	Fv/2	-/160/-	Snjóflóð féll vestan megin í Vífilsfelli eftir rigningu.
Bláfjöll - skíðasvæði	3.3.2012	50462	Fv/1.5		Snjóflóð féll fyrir ofan gönguskiðasvæðið í Bláfjöllum eftir rigningu.
Eldborgargil - hvílt	3.3.2012	50461	Fv/3	-/180/1.5	Snjóflóð féll í Eldborgargili í Bláfjöllum og náði yfir skíðabraut. Flóðið rann stutt og aðeins lítil hluti þess náði langleiðina niður í brekkurætur.
Hengill	10.3.2012	50547	F/1.5		Maður féll fram af hengu í Hamragili, grófst að hluta en gat losað sig sjálfur.
Bláfjöll og nágrenni	1.4.2012	50642	Fv/1		Snjóflóð féll í hlíð Vífilsfells.
Borgarfjörður					
Skarðsheiði	3.3.2012	50520	L/2.5		Nokkur misstór lausanjóflóð féllu í norðanverðu Heiðarhorni og inn að Skessuhorni (Skarðsheiði).
Hafnarfjall	19.3.2012	50623	F/1.5		Snjóflóð féll norðanmegin í Hafnarfjalli.
Snæfellsnes					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Snæfellsnes	8.11.2011	50267	A/1		Skriður féllu á veg úr Narfeyrarhlíð í Álftafirði, frá Merkjahrygg inn að Kársstöðum.
Helgafellssveit	21/22.1.2012	7880	S		Snjóflóð féll á veg úr Narfeyrarhlíð utanverðri í Álftafirði á norðanverðu Snæfellsnesi.
Eyrarsveit	19.3.2012	50611	F/2.5		Flekahlaup féll í nágrenni Grundar við Grundarfjörð.
Ólafsvík					
Enni	19.3.2012	50609	S/2.5		Þrjár snjóflóðaspýjur féllu yfir gamla veginn en ekki nærri nýja veginum, líklega í hlákunni.
Tvísteinahlíð	19.3.2012	50606	F/2.5	-/200/-	Flekahlaup féll í upptakastoðvirkjunum og hlóðst upp að þeim að hluta en náði líka niður fyrir þau. Talið er að stoðvirkin hafi komið í veg fyrir stærra flóð.
Hrafnabjörg	19.3.2012	50608	F/1		Snjóflóðaspýja féll úr Hrafnabjörgum ofan við miðja skógrækt.
Hrafnabjörg	19.3.2012	50607	F/3		Snjóflóð féll úr Hrafnabjörgum ofan við innri enda skógræktar.
Barðaströnd					
Barðaströnd og innsveitir	2.1.2012	50320	F/2.5	-/100/1	Sex manna hópur kom af stað snjóflóði í Fossárdal innan við Keifárheiði, allir lentu í flóðinu og sluppu ómeiddir.
Gufudalur	15.2.2012	50543	K/2	-/20 ^v /-	Þrjú krapaflóð féllu við Þjóðveg 60 rétt innan við bæinn Skálavík á Skálanesi vestan Gufudals á Barðaströnd sem voru um 50 m breið á vegi.
Patreksfjörður					
Vatneyri	15.12.2011	50041	F/2.5	-/15/0.5	Snjóflóð féllu á Patreksfirði.
Vatneyri	6.1.2012	50532	Fv/1.5		Mörg snjóflóð féllu í Skálinni á Vatneyri, flest lítil.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Miklidalur	6.1.2012	50533	Fv/1		Sex smáspýjur féllu ofan við skógrækt og spennistöð í Mikladal.
Vatneyri	23.1.2012	50334	F/1.5		Snjóflóð féll á Vatneyri á Patreksfirði.
Ofan Sigtúns	26.1.2012	50376	S/2.5	-/50/0.3	Snjóflóð féll á Patreksfirði og stöðvast 170 m frá húsum við Sigtún.
Vatneyri	25-28.1.2012	50375	L/2		Fjögur til fimm lítil snjóflóð féllu á Vatneyrarsvæðinu og stöðvuðust í 100 - 150 m y.s.
Miklidalur	10.2.2012	50538	L/1		Þrjú smáflóð féllu ofan við skógrækt/spennistöð í Mikladal.
Vatneyri	10.2.2012	50537	L/1.5		Tvö lítil snjóflóð féllu í virkustu farvegnum í Skálinni á Vatneyri.
Vatneyri	17.2.2012	50539	L/1.5		Snjóflóð féll í virkasta skorningnum á Vatneyri.
Vatneyri	22.2.2012	50541	L/2		Þrjú snjóflóð féllu á Vatneyri, stærð 1, 1,5 og 2.
Litlidalur	22.2.2012	50540	F/2.5		Snjóflóð féll í Litladal Patreksfirði, hlíð sem oft skilar flóðum niður í Eyvarardal.
Ofan Sigtúns	24.2.2012	50478	F/2	260/10/0.5	Snjóflóð féll á Patreksfirði ofan Sigtúns.
Geirseyrargil	24.2.2012	50477	F/3	120/9/1.5	Snjóflóð féll úr Geirseyrargili.
Litlidalur	24.2.2012	50542	F/1.5		Snjóflóð féll í Litladal í Patreksfirði, svipað og flóð 50540 sem féll 22.2.
Patreksfjörður, utan þéttbýlis					
Raknadalshlíð	24-29.12.2011	50293	F/2.5		Á Raknadalshlíð féllu sex snjóflóð.
Patreksfjörður suðaustanverður	6.1.2012	50535	Fv/2.5		Tvö snjóflóð féllu beint upp af húsini í Skápadal.
Ósafjörður	6.1.2012	50534	Fv/2	-/20/1	Fjögur snjóflóð féllu við neðsta sneiðing í Kleifaheiði, tvö þeirra náðu vegi.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Raknadalshlíð	6.1.2012	50321	Fv/1.5		Ca. 25 flóð féllu á Raknadalshlíð, flest um miðja hlíð og innar, stærð 1–2.
Ósafjörður	13.1.2012	50322	K/3	–/35/1.5	Lítið flekaflóð féll neðst í Kleifaheiði, milli Seljagils og Látrahjargsafleggjara. Krapaflóð kom í kjölfarið með tungu á vegi og utan í köntum. Annað flekaflóð hafði auk þess lagt af stað en stöðvast í miðri brekku.
Raknadalshlíð	27/28.1.2012	50377	F/2		Tólf snjóflóð féllu á Raknadalshlíð og við Stapanana, flest lítil.
Patreksfjörður suðaustanverður	27/28.1.2012	50380	Fv/3		10 misstór snjóflóð féllu norðanmegin í Patreksfirði og í botni Skápadals.
Ósafjörður	27/28.1.2012	50379	Fv/3		11 snjóflóð féllu á Skápadalshlíð í Ósafirði í hláku, frá vegamótum í Patreksfjarðarbotni út í Skápadalsnes.
Raknadalshlíð	28/29.1.2012	50378	S/2.5		Snjóflóð féll í þekktum farvegi utan við Stapanana á Raknadalshlíð, neðstu köggjar náðu í vegfláann.
Patreksfjörður, utan þéttbýlis	2–6.3.2012	50527	S/1.5		Lítið snjóflóð fell ofan við gamla skíðaskálan í Patreksfirði.
Tálknafljörður, utan þéttbýlis					
Tálknafljörður, austan þéttbýlis	6/7.3.2012	50522	F/1	–/25/–	Snjóflóð í Húsadal ofan Eysteinseyrar í Tálknafirði.
Arnarfjörður					
Hrafnseyrarheiði, Arnarfjarðarmegin	15.10.2011	50029	S/2		Snjóflóð lokaði vegi á Hrafnseyrarheiði.
Arnarfjörður	20.12.2011	601	F/2.5	–/6/6	Snjóflóð féll við Einvígisgjótu og lokaði vegi utan við Bíldudal.
Hvestunúpur	20.12.2011	50300	Lv/2		Snjóflóð féll í Hvestunúpi í Arnarfirði.
Ketildalir	5.3.2012	50528	K/1.5		Snjóflóð féll í Ketildölum og stöðvaðist í efri vegkanti.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ketildalir	5.3.2012	50524	S/3		Snjóflóð féll úr ysta gili í Skoránúpi.
Ketildalir	5.3.2012	50523	K/2.5		Krapaflóð féll niður að vegi í Skoránúpi.
Suðurfirðir	21.3.2012	50636	F/2		Snjóflóð féll í hlíðinni á mótí þorpinu á Bíldudal.
Bíldudalur					
Merkigil	24.1.2012	50352	Lv/1		Snjóflóðaspýja féll í Merkigili á Bíldudal.
Klofagil	24.1.2012	50354	Lv/1		Snjóflóðaspýja féll í Klofagili á Bíldudal.
Búðargil	11.3.2012	50536	Fv/2.5		Snjóflóð féll í Búðargili.
Önundarfjörður					
Breiðadalur sunnanverður	25/26.1.2012	7866	F/3	-/60 ^v /0.8 ^v	Snjóflóð lokaði vegi í Breiðadal í Önundarfirði.
Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból	25/26.1.2012	7867	F/3	-/30 ^v /1.2 ^v	Snjóflóð lokaði vegi við Selaból í Önundarfirði.
Selabólsturð, undir Urðarskál	25/26.1.2012	7862	F/4	925/170/0.7	Stórt snjóflóð lokaði vegi við Traðarnes í Önundarfirði og fór í sjó fram á smá kafla.
Bæjargil ofan Neðri-Breiðadals	25/26.1.2012	7861	F/4	880/140/0.7	Snjóflóð féll úr Bæjargili ofan Neðri-Breiðadals yfir gamla afleggjarann að bænum. Það lokaði vegi og fór út í sjó á um 160 m löngum kafla.
Önundarfjörður	27.1.2012	7872	S		Snjóflóð féllu á ströndinni frá Flateyri inn að Breiðadal.
Flateyri					
Skollahvilt	16.10.2011	50035	F/1.5	-/30/0.3	Snjóflóð féll úr Skollahvilt á Flateyri.
Innra-Bæjargil	16.10.2011	50037	F/1.5		Snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili á Flateyri.
Innan Flateyrar	3.11.2011	50199	F/1	-/40/0.3	Smáspýja féll innan Flateyrar sem rétt nær út úr gilkjaftri.
Innra-Bæjargil	3.11.2011	50165	F/2	-/80/0.4	Snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili, tungan var talsvert þunn og um 60–80 m breið.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Skollahvilt	25.1.2012	50381	F/2		Snjóflóð í Skollahvilt mældist á efri radarinn.
Ytra-Bæjargil	25/26.1.2012	7871	S		Snjóflóð féll úr Ytra-Bæjargili en náði ekki mjög langt.
Innra-Bæjargil	25/26.1.2012	7869	F		Snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili og náði að varnargarði.
Litlahryggsgil	25/26.1.2012	7864	F/4	1010/140/0.7	Snjóflóð féll úr Litlahryggsgili í Önundarfirði og lokaði vegi.
Miðhryggsgil	25/26.1.2012	7863	F/4	1100/180/0.7	Snjóflóð féll úr Miðhryggsgili í Önundarfirði, rétt innan við Tankinn og fór niður í sjó á kafla. Flóðið skemmdi upplýsingaskilti við veginn og trjágróður fyrir ofan veg.
Innra-Bæjargil	27.1.2012	7870	S/3		Snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili á Flateyri en það náði ekki að varnargarði.
Utan Flateyrar	30.1.2012	50415	F/1		Snjóflóð féllu utan Flateyrar og eitt þeirra náði niður á vatnsveituvegin.
Súgandafjörður					
Súgandafjörður norðanverður	3.11.2011	50261	F/2		Snjóflóð féll úr 530 m hæð úr fyrsta gili fyrir utan Selárdal í Súgandafirði, flóðið féll fram í sjó.
Súgandafjörður norðanverður	3.11.2011	50263	F/1.5		Smáflóð féll úr efstu brúnum klettabeltis fyrir innan Gilsbrekkudal.
Súgandafjörður norðanverður	3.11.2011	50262	F/2		Snjóflóð féll úr efstu brúnum kletta milli Selárdals og Gilsbrekkudals í Súgandafirði, flóðið féll fram í sjó.
Súgandafjörður norðanverður	25.1.2012	50387	F/4	-/900/-	Stórt snjóflóð féll í norðanverðum Súgandafirði.
Bolungarvík					
Traðargil	20.12.2011	50250	F/1.5	-/20/0.6	Snjóflóð féll í Traðargili í Bolungarvík, það stöðvaðist á vegi ofan við snjóflóðakeilur.
Traðargil	26.1.2012	50422	F/2.5	-/140/30	Snjóflóð féll úr Traðargili í Bolungarvík.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Traðargil	20.2.2012	50473	S/1.5	700/17/0.5	Snjóflóð féll í Traðargili í Bolungarvík og eyðilagði snjódyptarmæli.
Bolungarvík, utan þéttbýlis					
Tyrkjagil	2.9.2011	50268	A/1.5	1100/10/0.5	Aurskriða féll úr Ermi og náði niður fyrir neðri háspennulinuna.
Óshlíð	19.12.2011	50256	F/2.5		Snjóflóð féll á Óshlíðarveg.
Hesthúsagil	24.12.2011	50257	F/1.5		Lítið snjóflóð í Hesthúsagili náði niður í 200 m hæð. Það rann í miðjum gilfarveginum.
Óshlíð	6.1.2012	7879	S		Á Óshlíð féllu 17 flóð sem náðu yfir veg og ótalin voru flóð sem fóru á vegskála og sem náðu ekki út á veginn eða sem stöðvuðust í vegrás.
Hádegisfjall	6.1.2012	7876	S		Snjóflóð úr mið- og næst ysta gili í Hádegisfjalli stöðvuðust í miðri brekku töluvert fyrir neðan gilkjafst.
Mærðarhorn	8.1.2012	7878	S		Þunnt flekafloð féll í Mærðarhorni með upptök fyrir neðan kletta og nær tæplega niður í miðja hlíð.
Hádegisfjall	8.1.2012	7877	S		Snjóflóð úr innsta gili í Hádegisfjalli stöðvaðist rétt fyrir neðan gilkjafst.
Ósgil (Bæjargil við Ós)	26.1.2012	50358	F		Snjóflóð féll úr Ósgili í Bolungarvík.
Breiðabólisdalur	26.1.2012	50366	F/3.5	-/90/0.5	Snjóflóð féll í Breiðabólisdal.
Hádegisfjall - gil nr.3	26.1.2012	50362	F/3	-/60/0.7	Snjóflóð féll úr Hádegisfjalli í Syðridal.
Hádegisfjall - gil nr.5	26.1.2012	50361	F/3	-/135/0.7	Snjóflóð féll úr Hádegisfjalli í Syðridal.
Tunguhorn	26.1.2012	50360	F/2.5		Snjóflóð féll úr Tunguhorni í Tungudal.
Bogahlíð	26.1.2012	50357	F/3	-/200/0.8	Snjóflóð féll í Bogahlíð í Heiðnafjalli í Syðridal.
Tyrkjagil	26.1.2012	50356	F/3	-/180/3	Stórt snjóflóð féll úr Tyrkjagili í Syðridal, það náði niður fyrir háspennulinur OV og skemmdi girðingu.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
